

Nr. 26.
2.
nóvbr.

L ö g

um að landsstjórninni veitist heimild til að láta gera járnbenda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Landsstjórninni veitist heimild til að verja alt að 3000 kr., til þess að gera járn-
benda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu, gegn $\frac{1}{3}$ frá hlutaðeigandi hjeraði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 27.
2.
nóvbr.

L ö g

um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á
Vífilsstöðum styrk úr landssjóði til reksturs hælisins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Landsstjórninni heimilast að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum 10 þúsund
króna aukastyrk úr landssjóði til reksturs hælisins árin 1914 og 1915 og má styrkurinn
ekki verða hærri, nema brýn nauðsyn beri til.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.